



Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2014-2015

Valdís Björk Þorsteinsdóttir
Brynhildur Frímansdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Þórhildur Björnsdóttir

September 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2014-18	2
Skólaárið 2014-15.....	2
Skólaárið 2015-16.....	3
Skólaárið 2016-17	3
Skólaárið 2017-18.....	3
Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2014-15	3
Áfangakannanir	3
Tölvukönnun.....	10
Hlýtt á starfsfólk	10
Úrbótatillögur	18
Næstu skref	19
Lokaorð.....	19

Inngangur

Sjálfsmati hefur verið sinnt kerfisbundið við MA síðan 1997. Sjálfsmatsnefnd hefur yfirumsjón með þeim hluta sjálfsmats skólans sem telst formlegt og skipulagt en að auki má nefna að kennarar og annað starfsfólk hefur haft frumkvæði að ýmsu sjálfsmati einfaldlega vegna þess að það hefur haft til að bera eldmód og áhuga á því að ná betri árangri í skólastarfinu. Nefndin gerir áætlun til þriggja ára og nákvæmari starfsáætlun fyrir eitt skólaár í senn. Hana skipa 4-5 starfsmenn (þar af a.m.k. einn stjórnandi) og er einn þeirra formaður nefndarinnar og sér um að boða fundi og stýra starfinu.

Þetta skólaár sátu í sjálfsmatsnefnd: Valdís Björk Þorsteinsdóttir (formaður), Brynhildur Frímansdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir og Þórhildur Björnsdóttir. Reglulegir fundir voru vikulega, tvær kennslustundir í senn.

Helstu verkefni þessa starfsár voru þrjú. Að venju voru lagðar fyrir áfangakannanir, en fyrirkomulagi þeirra var breytt frá því sem var. Könnun var lögð fyrir starfsfólk þar sem reynt var að fá fram afstöðu þess til líðanar í starfi, vinnuástöðu, starfsanda og samskipta starfsfólks, auk spurninga um mötuneyti. Þá voru tölvumál skoðuð í samstarfi við umsjónarmann tölvudeildar.

Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2014-18

Skólaárið 2014-15

- | | |
|------------------|---|
| September | Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins og starfsrammi til þriggja ára þar á eftir |
| Október | Undirbúa áfangakannanir í 1. og 2. bekk í öllum greinum. Endurskoða þarf spurningalistann og framkvæmd vandlega.
Kynning á kennarafundi á störfum sjálfsmatsnefndar.
Velja nýtt kannanakerfi. |
| Nóvember | Klára undirbúning áfangakannana.
Leggja áfangakannanir fyrir í lok mánaðarins eða byrjun desember. |
| Desember | Fara yfir áfangakannanir. |
| Febrúar | Undirbúa <i>Hlýtt á starfsfólk</i> .
Undirbúa mat á tölvukerfi og tölvureglum. |
| Mars | Hlýða á starfsfólk og vinna úr niðurstöðum.
Vinna mat á tölvukerfi og tölvureglum. |
| Apríl | Undirbúa áfangakannanir. |
| Maí | Leggja fyrir áfangakannanir og fara yfir niðurstöður.
Vinna skýrsludrög. |
| Júní | Vinna að umbótaáætlun.
Skrifa skýrslu. |

Skólaárið 2015-16

Haustönn: Áfangamat í 3. og 4. bekk

Vorönn: Áfangamat í 1. og 2. bekk. Foreldrakönnun.

Skólaárið 2016-17

Haustönn: Áfangamat í 1. og 2. bekk

Vorönn: Áfangamat í 3. og 4. bekk.

Skólaárið 2017-18

Haustönn: Áfangamat í 3. og 4. bekk

Vorönn: Áfangamat í 1. og 2. bekk.

Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2014-15

Áfangakannanir

Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi áfangakannana í ár. Í stað þess að velja áfanga eftir greinum var ákveðið að leggja fyrir áfangakannanir í öllum áföngum í 1. og 2. bekk á haustönn en í öllum áföngum í 3. og 4. bekk á vorönn. Á næsta ári er ætlunin að víxla árgöngum, þannig að kannanir verði lagðar fyrir 3. og 4. bekk á haustönn en 1. og 2. bekk á vorönn.

Einnig voru gerðar nokkrar kerfislegar breytingar á fyrirlögn áfangakannana.

- Í stað þess að nota SPList frá Stefnu, var ákveðið að segja upp þeirri áskrift og kaupa í staðinn áskrift af SurveyMonkey.com. Það kerfi er bæði öflugara og ódýrara fyrir skólann.
- Þá var gerð tilraun með það að senda hverjum nemanda aðeins tengil á einn spurningalista, í stað þess að hann fái sendan póst fyrir hvern áfanga sem hann er skráður í.
- Á haustönn fór fulltrúi sjálfsmatsnefndar í hvern bekk á 1. og 2. ári, til að leggja könnunina fyrir. Ekki gafst færi á að heimsækja 3. og 4. bekk með sama hætti á vorönn.

Í 1. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum ÍSI2M130, ÍSI2N130, ENS2A050, FRA1A050, ÍPR2A020, STÆ1A050, STÆ2A050 og ÞÝS1A050. Könnunin var send til 233 nemenda og 221 svöruðu, svo að svörunin var 95%.

Spurningar skiptust í tvennt. Annars vegar voru lokaðar spurningar þar sem nemendur völdu möguleika á fimm punkta skala, ýmist frá „mjög sammála“ yfir í „mjög ósammála, eða frá „of mikið“ yfir í „of lítið“. Hver möguleiki fékk tölulega einkunn þannig að „mjög sammála“ og „of mikið“ fengu einkunnina 5 og svo stíglækkaði einkunnin þannig að „mjög ósammála“ og „of lítið“ fengu einkunnina 1. Útreiknuð meðaleinkunn miðast við þetta. Á eftir lokuðu spurningunum voru svo tvær opnar spurningar: „Viltu nefna eitthvað jákvætt um áfangann eða eitthvað sem vel er gert?“ og „Viltu nefna eitthvað sem betur mætti fara í áfanganum?“

Í 2. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum ENS2C050, FÉL2A050, LAN2A050, LKN2A020, ENS2R050, EFN2A050, STÆ3A050, ÍPR3A010, ÍSL2A040, SAG2A050, FRA1C050, ÞÝS1C050 og SÁL2A050. Könnunin var send til 177 nemenda og 158 svöruðu, svo að svörunin var 89%. Spurningalistar allra áfanga voru eins.

Í 3. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum DAN2A050, DAN2B050, EÐL3C050, EÐL4A050, ENS3S050, FER2A050, HAG2A050, HKF3B050, ÍSL3B050, ÍSM2A050, JAR3A050, LÍF3S050, LKN3A020,

NÆR3U050, SAG3A050, SÁL3H050, SPÆ1A050, STÆ2F050, STÆ3D050, TUN3A050 og íþróttum. Könnunin var send til 171 nemanda og 105 svöruðu, svo að svörunin var 61%.

Í 4. bekk voru kannanir lagðar fyrir í áföngunum EFN3D050, ENS4A040, FER3B050, HAG3B050, ÍSL3C030, ÍSL3D040, ÍSM3B050, ÍPF3S050, JAR3B050, LÍF3T050, LKN3B010, LOK4A050, SAG4C050, SÁL3K050, SIÐ3A050, SPÆ2A050, STÆ3E050, STÆ4C050, PRÓ3A050 og TUN3C050. Könnunin var send til 156 nemanda og 92 svöruðu, svo að svörunin var 59%.

Eins og sjá má var svörunin mjög ólík á haustönn og vorönn. Á haustönn gafst færi á að senda fulltrúa nefndarinnar til að leggja könnunina fyrir í kennslustund í hverjum bekk og því fékkst afar góð svörun í 1. og 2. bekk. Á vorönn var ekki hægt að koma við slíkri heimsókn og svörunin varð töluvert minni.

Í mörgum spurningum um áfangann, kennsluna eða kennarann virðast dræmari svör frá 3. bekk en hinum árgöngunum. Mun stærri hópur þeirra en hinna árganganna eru ósammála eða mjög ósammála því að kennarinn vekur áhuga þeirra á efninu, 26% á móti 15% hjá öllum hinum. Þau eru líka líklegri til að vera ósammála eða mjög ósammála því að kennari útskýri námsefnið vel, 16% á móti 7%-9% hjá hinum, og líklegri til að vera ósammála eða mjög ósammála því að námsmatið hvetji þau til að vinna jafnt og þétt alla önnina, 19% á móti 5%-13% hjá hinum.

Nemendur voru beðnir að meta álagið í hverjum áfanga. Í flestum áföngum má segja að nemendur meti álagið sem ýmist hæfilegt eða mikið. Tæpir tveir þriðju nemenda telja álagið hæfilegt og um fimmtungur segir álagið mikið. Nokkrir áfangar skera sig út úr þessu mynstri.

Þeir áfangar þar sem a.m.k. 15 nemendur tóku þátt og 15% eða fleiri sögðu álagið of mikið eru ÍSI2N130, STÆ2A050, EFN2A050, SAG2A050, DAN2B050, STÆ3D050 og LOK4A050. Þeir áfangar þar sem a.m.k. 15 nemendur tóku þátt og 15% eða fleiri sögðu álagið lítið eða of lítið eru LKN2A020, ÍPR3A010, ENS3S050, LKN3A020 og PRÓ3A050.

Hér á eftir eru niðurstöður úr einstökum spurningum:

Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	59%	56%	51%	70%
Sammála	25%	31%	29%	19%
Hvorki né	10%	9%	13%	6%
Ósammála	5%	3%	5%	3%
Mjög ósammála	1%	1%	2%	2%
Meðaleinkunn	4,36	4,37	4,20	4,53

Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	63%	56%	48%	64%
Sammála	33%	37%	40%	29%
Hvorki né	4%	6%	8%	5%
Ósammála	1%	1%	3%	3%
Mjög ósammála	0%	0%	1%	0%
Meðaleinkunn	4,58	4,46	4,31	4,53

Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	58%	47%	40%	50%
Sammála	33%	32%	33%	28%
Hvorki né	7%	13%	16%	14%
Ósammála	2%	4%	7%	6%
Mjög ósammála	0%	3%	3%	3%
Meðaleinkunn	4,47	4,18	3,99	4,16

Kennarinn vekur áhuga minn á námsefninu	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	38%	36%	25%	42%
Sammála	29%	27%	26%	26%
Hvorki né	18%	21%	23%	18%
Ósammála	11%	10%	14%	8%
Mjög ósammála	4%	6%	12%	7%
Meðaleinkunn	3,86	3,79	3,38	3,88

Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	49%	48%	41%	63%
Sammála	28%	33%	32%	24%
Hvorki né	12%	12%	16%	8%
Ósammála	7%	5%	7%	3%
Mjög ósammála	4%	3%	5%	2%
Meðaleinkunn	4,11	4,17	3,97	4,42

Nemendur eru hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	44%	44%	34%	54%
Sammála	30%	32%	36%	29%
Hvorki né	18%	18%	20%	13%
Ósammála	5%	4%	5%	3%
Mjög ósammála	2%	2%	5%	1%
Meðaleinkunn	4,08	4,12	3,90	4,31

Kennari útskýrir námsefnið vel	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	47%	46%	35%	52%
Sammála	31%	31%	29%	29%
Hvorki né	12%	14%	19%	11%
Ósammála	6%	6%	9%	4%
Mjög ósammála	4%	3%	7%	3%
Meðaleinkunn	4,13	4,11	3,76	4,24

Námsmátið hvetur mig til að vinna jafnt og þétt alla önnina	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Mjög sammála	41%	35%	27%	38%
Sammála	37%	29%	26%	26%
Hvorki né	17%	24%	27%	21%
Ósammála	4%	7%	12%	8%
Mjög ósammála	2%	4%	8%	5%
Meðaleinkunn	4,11	3,85	3,53	3,85

Í töflunni hér að neðan má sjá svör nemenda við spurningunni „Mér finnst álagið í áfanganum vera“, sundurgreind eftir áföngum. Athuga þarf sérstaklega að í sumum áföngum voru svör afskaplega fá.

Mér finnst álagið í áfanganum vera	Of mikið	Mikið	Hæfilegt	Lítið	Of lítið	Fjöldi
1. bekkur						
ENS2A050	5%	19%	70%	6%	0%	208
FRA1A050	3%	10%	84%	3%	0%	77
ÍS2N130	17%	54%	29%	0%	0%	98
ÍS2M130	8%	59%	33%	0%	0%	118
ÍÞR2A020	1%	4%	81%	12%	1%	211
STÆ1A050	7%	45%	48%	0%	0%	104
STÆ2A050	46%	50%	5%	0%	0%	109
ÞÝS1A050	1%	13%	80%	5%	1%	134
Samtals	10%	28%	58%	5%	0%	
2. bekkur						
ENS2C050	0%	6%	86%	5%	3%	87
FÉL2A050	2%	19%	77%	2%	0%	43
LAN2A050	1%	30%	68%	1%	0%	87

Mér finnst álagið í áfanganum vera	Of mikið	Mikið	Hæfilegt	Lítið	Of lítið	Fjöldi
LKN2A020	0%	1%	76%	23%	0%	88
ENS2R050	1%	18%	74%	7%	0%	68
EFN2A050	39%	43%	18%	0%	0%	67
STÆ3A050	10%	53%	37%	0%	0%	68
ÍÞR3A010	0%	2%	78%	15%	5%	153
ÍSL2A040	1%	12%	84%	3%	0%	157
SAG2A050	17%	48%	34%	1%	0%	155
FRA1C050	2%	14%	80%	5%	0%	44
ÞÝS1C050	7%	15%	73%	5%	0%	110
Samtals	6%	21%	66%	6%	1%	
3. bekkur						
DAN2A050	3%	31%	63%	3%	0%	35
DAN2B050	21%	52%	27%	0%	0%	52
EDL3C050	3%	39%	55%	3%	0%	33
EDL4A050	10%	20%	70%	0%	0%	10
ENS3S050	3%	0%	68%	25%	5%	40
FER2A050	0%	8%	77%	15%	0%	13
HAG2A050	27%	9%	64%	0%	0%	11
HKF3B050	6%	11%	75%	8%	0%	36
ÍSL3B050	9%	29%	60%	2%	0%	89
ÍSM2A050	7%	21%	64%	7%	0%	14
Íþróttir	1%	0%	85%	11%	2%	87
JAR3A050	0%	0%	73%	27%	0%	11
LÍF3S050	10%	0%	79%	10%	0%	29
LKN3A020	0%	4%	71%	24%	1%	89
NÆR3U050	0%	9%	82%	0%	9%	11
SAG3A050	0%	0%	82%	18%	0%	11
SÁL3H050	0%	0%	100%	0%	0%	11
SPÆ1A050	11%	4%	75%	11%	0%	28
STÆ2F050	8%	31%	60%	2%	0%	52
STÆ3D050	22%	51%	27%	0%	0%	41
TUN3A050	0%	5%	95%	0%	0%	19
Samtals	7%	18%	65%	9%	1%	

Mér finnst álagið í áfanganum vera	Of mikið	Mikið	Hæfilegt	Lítið	Of lítið	Fjöldi
4. bekkur						
EFN3D050	0%	0%	100%	0%	0%	20
ENS4A040	12%	27%	53%	6%	2%	51
FER3B050	0%	17%	67%	17%	0%	12
HAG3B050	10%	70%	20%	0%	0%	10
ÍSL3C030	0%	12%	85%	4%	0%	26
ÍSL3D040	0%	10%	82%	8%	0%	51
ÍSM3B050	0%	0%	55%	45%	0%	11
ÍÞF3S050	0%	0%	100%	0%	0%	1
JAR3B050	0%	17%	83%	0%	0%	6
LÍF3T050	0%	0%	91%	4%	4%	23
LKN3B010	0%	1%	60%	28%	11%	82
LOK4A050	27%	48%	24%	0%	0%	33
SAG4C050	0%	0%	88%	13%	0%	16
SÁL3K050	0%	9%	82%	9%	0%	11
SIÐ3A050	0%	4%	88%	8%	0%	25
SPÆ2A050	9%	22%	63%	6%	0%	32
STÆ3E050	8%	67%	25%	0%	0%	24
STÆ4C050	20%	60%	20%	0%	0%	5
ÞRÓ3A050	0%	7%	53%	27%	13%	15
TUN3C050	0%	29%	59%	6%	6%	17
Samtals	5%	18%	64%	11%	3%	
Samtals yfir alla bekki	6%	22%	64%	7%	1%	

Spurningalistinn í menningar- og náttúrulæsi var með örlítið öðru sniði en í hinum áföngunum. Þar sem margir kennarar kenna hverjum nemanda þurfti að breyta spurningunum þar sem spurt var um framkomu, fyrirmæli og slíkt.

Í menningar- og náttúrulæsi voru nemendur almennt séð frekar jákvæðir. Samtals eru þó um 70% nemenda sem eru sammála eða mjög sammála því að of mörg verkefni séu í gangi í einu. Hluta nemenda finnst ekki hæfilegt að hafa fjögurra stunda kennslulotur og hluta nemanda finnst fyrirmæli frá kennurum vera misvísandi eða ekki skýr.

Hér á eftir eru niðurstöður úr einstökum spurningum um menningar- og náttúrulæsi:

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála	Meðal-einkunn
Ég er dugleg/ur að sækja mér upplýsingar á Moodle	24%	60%	12%	4%	0%	4,0
Skipulag á verkefnaskilum í áfanganum er gott	24%	58%	13%	5%	0%	4,0
Mér finnst hæfilegt að vera með fjögurra stunda kennslulotur í áfanganum.	15%	42%	27%	11%	6%	3,5
Ég geri mér grein fyrir því til hvers er ætlast í áfanganum.	30%	51%	13%	5%	0%	4,1
Viðfangsefni áfangans eru fjölbreytt.	36%	46%	13%	4%	0%	4,1
Nóg er af verkefnum til að vinna að í kennslustundum.	63%	30%	7%	0%	0%	4,6
Of mörg verkefni eru í gangi á sama tíma.	30%	40%	25%	6%	0%	3,9
Ég nýti tímann vel í áfanganum.	23%	62%	13%	2%	0%	4,1
Mér tekst að skipuleggja tíma minn og vinnu í áfanganum.	15%	60%	20%	3%	1%	3,9
Ég læri á vettvangsferðum.	28%	45%	21%	5%	1%	3,9
Símat er betra en próf.	51%	24%	21%	3%	1%	4,2
Ég hef áhuga á náminu í þessum áfanga.	24%	47%	21%	6%	2%	3,9
Auðvelt er að ná á kennurum til aðstoðar í áfanganum.	22%	54%	18%	5%	1%	3,9
Ég nota tölvuna, síma og/eða spjaldtölvu næstum eingöngu til að vinna í náminu í kennslustundum.	22%	47%	24%	6%	1%	3,8
Mér finnst vinnuskýrslurnar góð leið til að koma ábendingum til kennara á framfæri.	31%	36%	23%	5%	5%	3,8

Hér á eftir eru niðurstöður úr einstökum spurningum um kennara í menningar- og náttúrulæsi:

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála	Meðal-einkunn
Ég er sátt/ur við framkomu kennaranna.	30%	59%	10%	0%	1%	4,2
Ég fæ oft misvísandi skilaboð frá kennurunum.	20%	28%	29%	19%	5%	3,4
Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð kennara.	27%	52%	19%	2%	1%	4,0
Fyrirmæli frá kennurum eru skýr.	12%	48%	28%	11%	0%	3,6

Hlýtt á starfsfólk

Rafræn könnun var lögð fyrir starfsfólk í febrúar 2015 þar sem reynt var að fá fram afstöðu þess til líðanar í starfi, vinnuaðstöðu, starfsanda og samskipta starfsfólks, auk spurninga um mótuneyti. Könnunin var byggð á *Hlýtt á kennara* frá 2011 til að hægt væri að bera ákveðnar spurningar saman. 86% starfsfólks svaraði könnuninni, alls 61 starfsmaður af 71.

Spurt var um bakgrunnsbreytur, það er kyn, starfsaldur og í hvaða húsi vinnuherbergi starfsmanna væri en enginn marktækur munur var á bakgrunnsbreytum þar sem of fáir voru í hverjum hóp.

Gefinn var kostur á opnum svörum til að tjá sig um samskipti innan starfsmannahópsins.

- Er eitthvað sem þú vilt nefna jákvætt eða eitthvað sem betur mætti fara, varðandi aðbúnað/aðstöðu til kennslu eða annarra starfa?
- Hvað finnst þér um samskipti innan starfsmannahópsins? Geturðu bent á eitthvað sem mætti bæta?




Helst var sett út á stóla og borð (vanti hækkanleg borð), hávaða á vinnusvæðum (einkum Hólum) og tölvumál. Nokkrir nefndu að gott væri að losna við borðtölvur úr stofum.




Margir nefndu að samskiptin séu almennt góð en þó nokkrir nefndu rígr innan starfsmannahópsins, einkum milli raungrainakennara og annarra.




Fáar tillögur voru til úrbóta, en minnst var á:

- hafa húsakvöld áfram
- sýna það sem vel er gert í raungrainum
- vanda talsmáta
- hafa meira félagslíf


Niðurstöður könnunarinnar voru hengdar upp á töflu á kennarastofu auk þess sem þær voru kynntar á kennarafundi og eftirtaldar glærur sýndar:







Um áramótin 2014-15 voru gerðar breytingar á mötuneytinu, nýr starfsmaður ráðinn, tekið upp nýtt skráningarkerfi í mat, hætt að vera með brauðbollur í löngu en þess í stað býður skólinn upp á ávexti. Matarstefna mötuneytisins breyttist einnig og eru einkum grænmetis- og pastaréttir á boðstólnum. Samkvæmt könnuninni er mikill meirihluti ánægður með breytingarnar og er í athugasemdum einkum nefndur góður matur og góð nævera starfsmanns.



Neikvæðar athugasemdir sneru einkum að skráningarkerfi, nokkrir nefndu kjöt- og fiskleysi og að skammtarnir væru of litlir.

Helsti tilgangur með könnunum sem þessum er að kortleggja líðan starfsfólks og greina það sem þarf að bæta. Það er því mikilvægt að athuga hverju hefur verið áorkað frá síðustu könnun. Hér má sjá samantekt atriða sem hrundið hefur verið í framkvæmd eftir niðurstöður úr könnuninni 2011.

Atriði	Staða
Huga að hópastærðum	Meðalstærð svipuð, mun færri mjög stórir hópar.
Starfsmannasalerni og kaffiaðstaða á Möðruvöllum	Komið
Stólar afleitir	Búið að skipta á Hólum
Hillupláss af skornum skammti	Búið að taka tiltektir, mögulega ennþá skortur
Tölvu- og fartölvumál	Mun betri netbúnaður, samt alltaf fjárskortur
Stór stofa á Möðruvöllum	M01 komin í gagnið
Passa hvað ratar í fjölmiðla	Passað upp á það sem skólinn hefur ráð á að passa
Sameiginlegar reglur um tækjanotkun	Búið að setja tölvureglur. Þarf að meta áhrif
Upplýsingaflæði eftir að stöður námsgreinastjóra voru lagðar niður	Stöður fagstjóra búnaðar til og reynt að auka upplýsingaflæði

Tölvukönnun

Almenn tölvukönnun var lögð fyrir nemendur og kennara skólans á vorönn 2015. 287 nemendur svöruðu könnuninni, 196 stúlkur og 87 piltar, en 32 kennarar, 16 konur og 8 karlar, svöruðu kennarakönnuninni. Mismunandi spurningar voru lagðar fyrir þessa tvo hópa.

Nemendur voru spurðir spurninga sem vörðuðu tölvunotkun í skólanum, hvort sem það var í gegnum fartölvur eða snjallsíma. Meirihluti nemenda þótti fartölvur nýtast vel í námi sínu en tæplega helmingi þótti snjallsímar nýtast vel.

Þegar opnu svörin eru skoðuð þar sem nemendur svara því hvernig fartölvurnar nýtast í náminu er upplýsingaöflun og verkefnavinna nefnd oftast eða rúmur helmingur svara af þeim 210 sem svöruðu snýst um þessa tvo þætti. Þriðjungur svara snýst um að nýta tölvurnar í að glósa, 10 % minnst á orðabækur og önnur 10% á samskipti milli kennara og nemenda.

Þegar nemendur svara því hvernig snjallsímar nýtist þeim í náminu telja um 46% af þeim 178 sem svara að þeir nýtist ekki við námið og séu frekar truflun. Rúm 29% finnst gott að nýta snjallsímann í stað fartölvunnar, einkum ef þeir gleyma fartölvunni heima. Um 27% nýta símana í leit að upplýsingum en tæp 7% nýta símann í tungumálanámi.

Telurðu fartölvur nýtast nemendum í náminu?	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Mjög vel	60,0%	171
Frekar vel	34,0%	97
Hvorki vel né illa	4,2%	12
Frekar illa	1,4%	4
Mjög illa	0,4%	1

Telurðu snjalltæki nýtast nemendum í náminu?	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Mjög vel	12,6%	36
Frekar vel	27,0%	77
Hvorki vel né illa	35,1%	100
Frekar illa	18,6%	53
Mjög illa	6,7%	19

Þegar nemendur eru spurðir að því hvað það sé helst sem valdi þeim erfiðleikum í tölvumálum eru þetta algengustu atriðin sem eru nefnd í þeim 162 svörum sem bárust:

- Tæknilegir hlutir eins og prentun, netsamband, það að koma tölvunum í samband við rafmagn og bras með tölvupóst.
- Vankunnátta á forrit.
- Tölvurnar og tæknin sem skólinn hefur uppá að bjóða.
- Tölvurnar og símarnir trufla skólastarfið.

Meirihluta nemenda þótti þær reglur sem settar voru um tölvunotkun í skólabyrjun hafa litlu eða engu breytt um notkun nemenda á snjalltækjanotkun. Úr opnum svörum nemenda þar sem þeir eru spurðir hvort þeir vilji nefna eitthvað sérstaklega um tölvureglur eða tölvunotkun má lesa að um 24% af þeim 79 sem svara eru á því að leyfa tölvur og síma í tímum en um 10% eru á móti því að leyfa þessi tæki og þá sérstaklega síma. Um 9% telja að leyfa ætti síma í skólanum ef nemendur passu upp á trufla ekki kennslustundina.

Telur þú að reglur um tölvunotkun og skólafundurinn í upphafi skólaársins hafi einhverju breytt um notkun nemenda á snjalltækjum?	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Breyttist mikið til batnaðar	1,5%	4
Breyttist aðeins til batnaðar	25,7%	70
Breytti engu	57,4%	156
Breyttist aðeins til hins verra	0,7%	2
Var ekki í skólanum í fyrra	14,7%	40
Er eitthvað sem þú vilt nefna sérstaklega? T.d. um tölvureglur almennt, tölvu- og snjalltækjanotkun, vinnufrið, vinnulag...	29,10%	79

Athyglisvert var að rétt rúm 70% nemenda vissi ekki af upplýsingasíðu tölvudeildar og höfðu því augljóslega ekki notfært sér hana.

Notfærir þú þér upplýsingasíðu tölvudeildar?	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Já	10,2%	29
Nei	15,5%	44
Vissi ekki af henni	74,3%	211

Þegar nemendur voru spurðir að því hvað þeim þótti helst vanta upp á færni nemenda á sviði upplýsingatækni voru þessi atriði algengust í þeim 141 svari sem barst:

- Kunnátta á forrit eins og Word og Excel.
- Agi í notkun á tölvum og snjalltækjum.
- Færni í heimildasöfnun.

Nemendur voru líka spurðir að því hvað þeim þótti helst vanta upp á færni kennara á sviði upplýsingatækni. Þessi atriði voru algengust í þeim 136 svörum sem bárust:

- Kunnátta á ýmis tæki og tól eins og skjávarpa, setja hljóðið á og annað slíkt.
- Færni í að dreifa efni rafrænt.
- Jákvætt viðhorf til tækni.

54 nemendur lýstu yfir áhuga á að starfa við tölvuaðstoð og væri ekki úr vegi að kanna þennan kost betur, sérstaklega á álagstímum.

Spurningakönnun kennara sneri m.a. að brottnámi borðtölva úr skólastofum, námskeiðum sem kennarar hefðu áhuga á að sækja og Moodle notkun.

Kennarar voru almennt ánægðir með þá þróun að borðtölvur viku fyrir eigin fartölvum en engum þótti borðtölvuleysið reynast illa.

Hversu vel hefur það reynst að hafa engar borðtölvur í kennslustofum?	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Mjög vel	53%	17
Frekar vel	41%	13
Hvorki vel né illa	6%	2
Frekar illa	0,0%	0
Mjög illa	0,0%	0

Kennurum fannst þörf á námskeiðum í ýmsum forritum, m.a. Excel og OneNote og námskeið í gerð kennslumyndbanda fannst mörgum þeir þurfa. Flestum (83%) þótti tíminn milli 16:10 og 17:30 vera hentugastur til að halda slík námskeið.

Hvers konar námskeið hefðir þú helst þörf fyrir?	Mikla þörf	Frekar mikla þörf	Litla eða enga þörf	Veit ekki hvað það er	Fjöldi svara
Word	0	2	24	0	26
Excel	6	5	18	0	29
PowerPoint	0	3	21	0	24
OneNote	6	11	8	1	26
Gerð kennslumyndbanda	8	16	6	0	30
LaTeX	2	1	6	18	27
Office Sway	1	2	4	21	28
Sites	1	12	13	1	27

Kennarar sem svöruðu könnuninni virtust nota Moodle á fjölbreyttan hátt þó einhverjir noti Moodle aðeins til að birta kennsluáætlun.

Hvernig notar þú Moodle? Merktu við allt sem við á.	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Til að birta kennsluáætlun	100%	30
Til að stjórna vinnu nemenda (virkt viku- eða þemaskipulag með dagsetningum og áminningum)	43%	13
Til að gefa nemendum aðgang að glærum og því efni sem ég sýni og fjalla um í kennslustundum	90%	27
Undir gagnvirkar æfingar og verkefni	37%	11
Fyrir einkunnabókhald	50%	15

Kennarar voru einnig spurðir að því hvort þær reglur sem settar voru um tölvunotkun í skólabyrjun hefðu breytt einhverju um notkun nemenda á snjalltækjanotkun. Eins og hjá nemendum þótti meirihluta kennara reglurnar litlu eða engu hafa breytt.

Telur þú að reglur um tölvunotkun og skólafundurinn í upphafi skólaársins hafi einhverju breytt um notkun nemenda á snjalltækjum?	Svarhlutfall	Fjöldi svara
Breyttist mikið til batnaðar	3%	1
Breyttist aðeins til batnaðar	26%	8
Breytti engu	68%	21
Breyttist aðeins til hins verra	3%	1
Breyttist mikið til hins verra	0%	0

Í opnum svörum kennara kom fram að flestir (13) nefndu að það vantaði almennt upp á kunnáttu nemenda í forritum, einkum Word og Excel. Einnig myndvinnsla og myndbandavinnsla. Margir (6) nefndu að helst vantaði upp á kunnáttu nemenda að nýta sér tæknina til náms. Önnur atriði komu sjaldnar fyrir, kunnátta í notkun tölvupósts (2), lesskilningur, varðveisla gagna og sjálfsbjargarviðleitni.

21 kennari svaraði spurningu um hvað ylli þeim helst erfiðleikum í tölvumálum og má flokka svörin á eftirfarandi hátt:

- Eigið þekkingarleysi/tímaleysi: 6
- Lélegar tölvur: 3
- Sites, Outlook365, forrit: 5
- Fátt sem veldur erfiðleikum: 5
- Önnur atriði: 2

Úrbótatillögur

Fyrirkomulag áfangamats þarfnast áframhaldandi þróunar. Það reyndist vel að ganga í bekkni til að ýta undir þátttöku og mælt er með því að því verði haldið áfram. Skoða mætti hvort ef til vill mætti virkja nemendur til að létta undir með því.

Einnig þarf nefndin að endurhugsa hvernig spurningalistinn er byggður upp. Núna var lagður einn spurningalisti fyrir hvern nemanda, en mjög mikil vinna nefndarinnar fór í það að búa spurningalistann til. Þar með nýttist tími nefndarinnar ekki vel og eftirfylgni og úrvinnsla leið fyrir.

Kennarar nefndu það í könnuninni Hlýtt á starfsfólk, að ónæði væri mikið í vinnuherbergjum, enda töluvert fleiri kennarar með vinnuaðstöðu á Hólum en gert var ráð fyrir þegar húsið var byggt. Skoða þyrfti leiðir til að fjölga vinnuherbergjum kennara til að skapa meira næði til vinnu. Útbúa mætti hljóð herbergi með upphækkanlegu skrifborði, t.d. í Kofa Tómasar frænda eða stjórnuskoðunarherbergi á Möðruvöllum. Þá má skoða möguleika þess taka stofu úr kennslu, t.d. G14, og flytja vinnuaðstöðu einhverra kennara af Hólum þangað. Brýna þarf fyrir fólk að taka tillit á vinnustofum (einkum Hólum) og koma frekar á kaffistofur í Gamla skóla eða Möðruvöllum þegar þörf er á líflegum samræðum.

Útbúa þarf áætlun um endurnýjun og innkaup á aðbúnaði starfsfólks, svo sem stólum, borðum og öðrum búnaði. Sé slík áætlun þegar til þarf að birta hana starfsfólki. Einnig þarf að birta áætlun um endurnýjun á tölvum. Þá þarf að boða til tiltektardaga til að rýma til og gæta þarf að því að gögn í sameiginlegu rými séu merkt svo þau dagi ekki uppi þar.

Í Hlýtt á starfsfólk var einnig nefnt að bæta mætti aðbúnað nemenda fyrir utan kennslustofur, til dæmis með því að fjölga borðum eða sófum á göngum og stigapöllum á Möðruvöllum. Einnig þarf að athuga hvernig hjólastólarnir í M24 virka og gera áætlun um stólakaup í fleiri stofum.

Bæði nemendur og kennarar nefna í tölvukönnuninni vankunnáttu nemenda í notkun ritvinnslu og töflureiknis. Kennarar í menningar- og náttúrulæsi hafa tekið þetta verkefni upp á sína arma og munu bæta við umfjöllun um þessi forrit og verkefnum í notkun þeirra.

Þörf er á námskeiðum í ýmsum forritum fyrir starfsfólk og svör benda til þess að best sé að slík námskeið séu strax eftir skóla.

Virkja mætti nemendur til að vera með stuðning í tölvumálum. 54 nemendur lýstu yfir áhuga á að starfa við tölvuaðstoð og væri ekki úr vegi að kanna þennan kost betur, sérstaklega á álagstímum.

Það átak sem gert var með tölvureglum og skólafundi virðist litlu hafa skilað. Skoða þarf hvort það þurfi að fylgja þeim betur eftir eða leita annarra leiða til að bæta aga í tækjanotkun nemenda.

Næstu skref

Næsta vetur er ljóst að þurfi að:

- Útbúa áætlun til ársins og næstu þriggja ára.
- Funda með skólastjórnendum og sviðsstjórum vegna úrbótatillagna.
- Gera áfangakannanir í 3. og 4. bekk á haustönn og 1. og 2. bekk á vorönn.
- Leggja könnun fyrir foreldra ólögráða nemenda.
- Halda áfram þróun fyrirkomulags við áfangamat.

Lokaorð

Formlegt sjálfsmat hefur verið stundað með formlegum hætti við Menntaskólann á Akureyri í 18 ár og á þeim tíma hefur það tekið miklum breytingum. Sjálfsmatsnefnd leitar ætíð leiða til að þróa og bæta skólastarfið og nýtir til þess ýmiskonar kannanir og úttektir til upplýsingaöflunar. Með því er vonast til að starfsfólk, nemendur og foreldrar finnist á sig hlustað og að tekið sé tillit til sjónarmiða þess.

Sjálfsmatsnefnd í Menntaskólanum á Akureyri þakkar starfsfólki skólans og nemendum sem tóku þátt í sjálfsmati skólans á skólaárinu og lögðu þannig sitt af mörkum til þess að þróa og bæta skólastarfið.

Menntaskólanum á Akureyri

9. október 2015

Brynhildur Frímansdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Þórhildur Björnsdóttir